



# Að á undanhaldi

Eiríkur Rögnvaldsson

Háskóla Íslands

Íslensku- og menningardeild



# Útdráttur

- Fyrir 100 árum voru mun fleiri tegundir nafnháttarsetninga tengdar með *að* en nú er. Þannig var sagt *sýnast að vera, virðast að vera, reynast að vera, hyggjast að vera, sagður að vera, talinn að vera, álitinn að vera* o.fl. Á seinni hluta 19. aldar er algengara en hitt *að* hafa *að* í þessum samböndum, þótt *að*-lausar myndir komi líka fyrir. Þegar kemur fram á 20. öld lætur *að* undan síga í öllum þessum samböndum og er nær alveg horfið upp úr miðri öldinni.
- Í fyrirlestrinum verður tíðni og útbreiðsla *að*-myndanna skoðuð og leitað skýringa á því hvað breyttist og hvers vegna.



# Rafræn gagnasöfn

- Ýmis gagnasöfn voru nýtt til dæmaleitar:
  - Safn 19. aldar einkabréfa ([brefasafn.arnastofnun.is](http://brefasafn.arnastofnun.is))
  - Tímarit.is, safn blaða og tímarita frá 19.-21. öld
  - Bækur.is, bækur frá 18. og 19. öld
  - Íslenskt textasafn
  - Ritmálssafn Orðabókar Háskólans
  - Mörkuð íslensk málheild
  - Sögulegi íslenski trjábankinn, IcePaHC
  - Netútgáfan, ýmsir textar (einkum skáldsögur)



## Aðrar rafrænar heimildir

- Ritröðin *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar*
  - *Bréf Vestur-Íslendinga*
  - *Burt - og meir en bæjarleið*
  - *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur*
  - *Landsins útvöldu synir*
- Uppskriftir viðtala og frásagna Vestur-Íslendinga
  - 1972 (HÖE og OMF; um 130 málhafar)
  - 1982 (GS; 4 málhafar)
  - 2013-2014 (HÞ o.fl.; um 60 málhafar)



# Nafnháttarsambönd

- Hvað er nafnháttarsamband?
  - Með orðinu **nafnháttarsamband** er hér átt við sögn í nafnhætti og þá setningarliði sem tengjast henni náíð, svo sem andlög hennar og aðra fylliliði (Höskuldur Þráinsson 2005:409)
- 14 flokkar nafnháttarsambanda
  - rúmur helmingur þar sem sambandið hefst á nafnháttarsögn eða *að*
  - í hinum flokkunum er eitthvað annað á undan sögn
    - oftast frumlag, en einnig stundum forsetning



## Helstu flokkar þar sem sögn er fremst

- Nafnhættir með stýrisögnum (*control verbs*)
  - Ég<sub>i</sub> reyndi **að** [FOR<sub>i</sub> lesa bókina]
  - Hún<sub>i</sub> lofaði **að** [FOR<sub>i</sub> lesa bókina]
- Nafnhættir með háttarsögnum (*modal verbs*)
  - Ég á **að** [lesa bókina]
  - Hann vill [lesa bókina]
- Nafnhættir með lyftingarsögnum (*raising verbs*)
  - Hann<sub>i</sub> virðist [*t*<sub>i</sub> hafa lesið bókina]
  - Hún<sub>i</sub> reyndist [*t*<sub>i</sub> hafa lesið bókina]



## *að* eða ekki *að*

- Þessi sambönd taka ýmist *að* eða ekki
  - stýrisagnir taka flestar *að*
    - *reyna að, lofa að; þó ekki hyggjast*
  - lyftingarsagnir taka ekki *að*
    - *reynast \*að, sýnast \*að, virðast \*að*
  - háttarsagnir taka ýmist *að* eða ekki
    - *eiga, hljóta, kunna, verða, þurfa, ætla* taka *að*
    - *geta, mega, munu, skulu, vilja* taka ekki *að*
- Er *að* nafnháttarmerki eða aukatenging?
  - skiptar skoðanir um stöðu þess í formgerðinni



# Breytingar

- En þessi flokkun er ekki meitluð í stein
  - lyftingarsagnir gátu áður tekið *að*
    - *reynast að vera, sýnast að vera, virðast að vera*
  - álits- og yfirlýsingasagnir í þolmynd gátu tekið *að*
    - *álitinn að vera, sagður að vera, talinn að vera*
  - a.m.k. ein stýrisögn hafði áður *að* en hefur misst það
    - *hyggjast að vera*
- Hver var tíðni og útbreiðsla *að*-myndanna?
- Hvenær komu þær fram og hvenær hurfu þær?
- Hvernig má skýra þessar breytingar?





## *sýnast* og *virðast* í fornu máli

- *sýnast* í fornu máli - engin rök fyrir lyftingu
  - En ef mér **sýnist að** veita þér lið þá munum við vel mega tala um það síðar. (*Brennu-Njáls saga*)
- Frumlagslyfting með *virðast*?
  - að allsvaldandi guð **virtist að** líta miskunnaraugum á þann lýð er Ísland byggði. (*Þiðrandi þáttur*)
- Stýrisagnir fremur en lyftingarsagnir?
  - allsvaldandi guð<sub>i</sub> virtist [að FOR<sub>i</sub> líta ...].
  - allsvaldandi guð<sub>i</sub> virtist [að t<sub>i</sub> líta ...].



# Endurtúlkun

- Frumlag *sýnast* og *virðast* er oft úr aukasetningu
  - \_\_\_ virðist [hún vera rík].
  - Hún<sub>i</sub> virðist [*t*<sub>i</sub> vera rík].
- Ýmis rök fyrir lyftingu, t.d. fallmörkun
  - \_\_\_ virðist [henni vera kalt].
  - Henni<sub>i</sub> virðist [*t*<sub>i</sub> vera kalt].
- Endurtúlkun - stýrisögn > lyftingarsögn
  - Hún<sub>i</sub> virðist [að FOR<sub>i</sub> so<sub>nh</sub> ...].
  - Hún<sub>i</sub> virðist [að *t*<sub>i</sub> so<sub>nh</sub> ...].



## *sýnast að, virðast að*

- Dæmi úr fornmáli og fram á s.hl. 20. aldar
  - að hann **virtist að** skapa og mynda vort hold og bein. (*Fimmtíu heilagar hugvekjur* 1630)
  - Þessi fridur **sýnist** einasta **ad** vera gjörður til málamindar. (*Minnisverð tíðindi* 1803)
  - þetta **sýnist að** vera öfugt (*Þjóðólfur* 1895)
  - Þetta **virðist að** vera reglulegur stjarfi (*Vísir* 1915)
  - Þér **virðist að** vera herramaður (*Heimskringla* 1940)
  - Ef tungl **sýnist að** vera myrkt og dimmt og hornalítið (*Veðrið* 1963)




## *sýnast að vera, virðast að vera*

Árabil	Fjöldi	Viðbúið	Hlutfall	Viðb. hlf.	% af viðb.
1840-1849	0	1	0,00	0,10	0,00
1850-1859	9	1	1,31	0,17	792,71
1860-1869	9	1	1,31	0,20	643,84
1870-1879	36	2	5,23	0,28	1848,47
1880-1889	56	4	8,14	0,55	1474,84
1890-1899	97	8	14,10	1,13	1248,56
1900-1909	78	13	11,34	1,93	588,00
1910-1919	72	19	10,47	2,81	372,73
1920-1929	65	25	9,45	3,60	262,61
1930-1939	73	35	10,61	5,11	207,61
1940-1949	81	45	11,77	6,48	181,65
1950-1959	39	58	5,67	8,38	67,66
1960-1969	15	77	2,18	11,15	19,56
1970-1979	17	88	2,47	12,75	19,39
1980-1989	14	109	2,03	15,83	12,86
1990-1999	14	104	2,03	15,16	13,42
2000-2009	13	99	1,89	14,39	13,13
	688	688	100,00	100,00	



# *sýnast að vera, virðast að vera*





## *reynast að*

- Dæmi frá 17. öld og fram á s.hl. 20. aldar
  - slæm og óholl stykki **reyndust að** vera á Perlunni (*Reisubók Jóns Indíafara* 1661)
  - og hefðe hún **reynst at** vera eigi banvæn (*Nikulás Klím* 1745)
  - Meðalvigtin á þessum 111 kúm **reyndist að** vera 720 pd. (*Fjallkonan* 1903)
  - Árni þessi, sem **reyndist að** vera mjög greiður sláttumaður (*Endurminningar M.Bl.J.* mið 20. öld)
  - það **reyndist að** vera magakrabbi (*Ævisaga Árna Þórarinssonar* mið 20. öld)




## reynast að vera

Árabil	Fjöldi	Viðbúið	Hlutfall	Viðb. hlíf.	% af viðb.
1840-1849	0	1	0,00	0,10	0,00
1850-1859	0	2	0,00	0,17	0,00
1860-1869	0	2	0,00	0,20	0,00
1870-1879	4	3	0,35	0,28	125,27
1880-1889	7	6	0,62	0,55	112,44
1890-1899	45	13	3,99	1,13	353,29
1900-1909	65	22	5,76	1,93	298,86
1910-1919	135	32	11,97	2,81	426,26
1920-1929	166	41	14,72	3,60	409,06
1930-1939	335	58	29,70	5,11	581,10
1940-1949	218	73	19,33	6,48	298,18
1950-1959	67	95	5,94	8,38	70,90
1960-1969	39	126	3,46	11,15	31,02
1970-1979	18	144	1,60	12,75	12,52
1980-1989	8	179	0,71	15,83	4,48
1990-1999	12	171	1,06	15,16	7,02
2000-2009	9	162	0,80	14,39	5,54
	1128	1128	100,00	100,00	




## *reynast að vera*







## *reynast vera, með og án að*





## *hyggjast að*

- Dæmi úr fornmáli og fram á s.hl. 20. aldar
  - fara þá þegar til Eysteins og **hugðust að** koma þar á óvart (*Reykðæla saga*)
  - stökk þá upp og **hugðist að** ná í bófann (*Ný sumargjöf* 1860)
  - Skipshöfnin fór þá í bátana og **hugðist að** draga skipið áfram (*Norðurland* 1905)
  - Hann **hugðist að** gleypa framsóknarmenn hér í vesturlandinu (*Heimskringla* 1926)
  - Ríkisstjórnin **hugðist að** leysa deiluna (*Tíminn* 1961)




## hyggjast að

Árabil	Fjöldi	Viðbúið	Hlutfall	Viðb. hlíf.	% af viðb.
1840-1849	1	6	0,02	0,10	17,25
1850-1859	1	10	0,02	0,17	10,14
1860-1869	3	12	0,05	0,20	24,71
1870-1879	12	17	0,20	0,28	70,95
1880-1889	18	33	0,30	0,55	54,59
1890-1899	92	67	1,54	1,13	136,36
1900-1909	212	115	3,55	1,93	184,02
1910-1919	384	168	6,43	2,81	228,90
1920-1929	674	215	11,28	3,60	313,55
1930-1939	1354	305	22,66	5,11	443,40
1940-1949	1865	387	31,21	6,48	481,59
1950-1959	833	501	13,94	8,38	166,41
1960-1969	179	666	3,00	11,15	26,88
1970-1979	93	762	1,56	12,75	12,21
1980-1989	81	946	1,36	15,83	8,57
1990-1999	82	906	1,37	15,16	9,05
2000-2009	91	860	1,52	14,39	10,58
	5975	5975	100,00	100,00	




# *hyggjast að*





## hyggjast, með og án að





## *álitinn að, sagður að, talinn að*

- Dæmi frá miðri 19. öld fram á s.hl. 20. aldar
  - Er hann **sagður að** vera nú elztur allra þingmanna Dana (*Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 1885)
  - Hann var **álitinn að** vera með lærðustu mönnum (*Norðanfari* 1879)
  - Veðurhraðinn er **talinn að hafa** verið 60 til 70 mílur á kl.tíma (*Heimskringla* 1903)
  - Jóhannes Jónsson kaupmaður í Bónus hefur verið **sagður að** selja vörur undir heildsöluverði (*Morgunblaðið* 1991)



## Tveir síðustu að-mennirnir

- Benedikt Gíslason f. 1894
  - Höfundurinn er **talinn að** vera glímumaður góður (1961)
  - hann er **talinn að** búa í Hofteigi (1964)
  - eins og faðir hans var **talinn að** vera (1966)
  - Ari sterki er **talinn að** eiga eina dóttur (1973)
- Jóhann J.E. Kúld f. 1902
  - Þessi afli er **talinn að** nægi til þess að greiða útgerðarkostnað skipsins (1966)
  - Kassafiskurinn er **sagður að** hafa sannað ótvíræða kosti (1968)
  - er þorskaflinn á árinu 1980 **talinn að** hafa farið niður í 280 þús. tonn (1981)




## álitinn að vera, sagður að vera, talinn að vera

Árabil	Fjöldi	Viðbúið	Hlutfall	Viðb. hlíf.	% af viðb.
1840-1849	2	3	0,08	0,10	77,63
1850-1859	2	4	0,08	0,17	45,65
1860-1869	17	5	0,64	0,20	315,14
1870-1879	35	8	1,32	0,28	465,70
1880-1889	47	15	1,77	0,55	320,76
1890-1899	180	30	6,78	1,13	600,39
1900-1909	358	51	13,48	1,93	699,34
1910-1919	406	75	15,29	2,81	544,64
1920-1929	603	96	22,71	3,60	631,31
1930-1939	451	136	16,99	5,11	332,37
1940-1949	287	172	10,81	6,48	166,78
1950-1959	159	222	5,99	8,38	71,48
1960-1969	55	296	2,07	11,15	18,59
1970-1979	19	338	0,72	12,75	5,61
1980-1989	10	420	0,38	15,83	2,38
1990-1999	15	402	0,56	15,16	3,73
2000-2009	9	382	0,34	14,39	2,36
	2655	2655	100,00	100,00	






# *álitinn að vera, sagður að vera, talinn að vera*









## álitinn/sagður/talinn, með og án að






# Samanburður





# Blandaða setningagerðin





# að-myndir yfirgnæfandi í vesturíslensku

## • *virðist/virtist að vera*

- > [Heimskringla](#) (64)
- > [Lögberg](#) (43)
- > [Þjóðólfur](#) (13)
- > [Morgunblaðið](#) (11)
- > [Ísafold](#) (9)
- > [Austri](#) (9)
- > [Heimskringla](#) (26)
- > [Lögberg](#) (20)
- > [Morgunblaðið](#) (5)
- > [Austri](#) (4)
- > [Mánaðarblað K.F.U.M. í Reykjavík](#) (3)
- > [Dagblaðið Vísir - DV](#) (2)

## • *sýnist/sýndist að vera*

- > [Heimskringla](#) (38)
- > [Lögberg](#) (24)
- > [Þjóðviljinn + Þjóðviljinn ungi](#) (9)
- > [Þjóðólfur](#) (8)
- > [Bjarki](#) (7)
- > [Norðanfari](#) (5)
- > [Heimskringla](#) (14)
- > [Lögberg](#) (11)
- > [Æskan](#) (2)
- > [Vísir](#) (2)
- > [Morgunblaðið](#) (2)
- > [Bjarmi](#) (1)

## • *reynist/reyndist að vera*

- > [Morgunblaðið](#) (17)
- > [Vísir](#) (12)
- > [Heimskringla](#) (11)
- > [Alþýðublaðið](#) (10)
- > [Fálkinn](#) (9)
- > [Tíminn](#) (9)
- > [Morgunblaðið](#) (58)
- > [Alþýðublaðið](#) (40)
- > [Lögberg](#) (36)
- > [Vísir](#) (34)
- > [Heimskringla](#) (31)
- > [Tíminn](#) (28)

## • *álitinn/álitin að vera*

- > [Lögberg](#) (47)
- > [Heimskringla](#) (32)
- > [Tíminn](#) (3)
- > [Norðanfari](#) (3)
- > [Nýjar kvöldvökur](#) (3)
- > [Austri](#) (3)
- > [Lögberg](#) (28)
- > [Heimskringla](#) (28)
- > [Morgunblaðið](#) (9)
- > [Vísir](#) (7)
- > [Dvöl](#) (5)
- > [Austri](#) (5)

## • *sagður/sögð að vera*

- > [Lögberg](#) (131)
- > [Heimskringla](#) (40)
- > [Austri](#) (6)
- > [Syrpa](#) (4)
- > [Alþýðublaðið](#) (4)
- > [Tímarit Þjóðræknisfélags Íslendinga](#) (4)
- > [Lögberg](#) (71)
- > [Heimskringla](#) (51)
- > [Skýrslur um landshagi á Íslandi](#) (20)
- > [Alþýðublaðið](#) (9)
- > [Morgunblaðið](#) (4)
- > [Tíminn](#) (3)

## • *talinn/talin að vera*

- > [Lögberg](#) (81)
- > [Heimskringla](#) (47)
- > [Morgunblaðið](#) (22)
- > [Ægir](#) (16)
- > [Búnaðarrit](#) (15)
- > [Eimreiðin](#) (11)
- > [Lögberg](#) (118)
- > [Heimskringla](#) (58)
- > [Morgunblaðið](#) (29)
- > [Búnaðarrit](#) (29)
- > [Tíminn](#) (16)
- > [Vísir](#) (15)



## Ensk áhrif?

- Enska - alltaf *to*
  - *seems to be rich*
  - *appears to be rich*
  - *proves to be rich*
  - *is considered to be rich*
  - *is said to be rich*
  - *is believed to be rich*
  - *intends to be rich*
- Íslenska - *að*?
  - *sýnist (að) vera rík*
  - *virðist (að) vera rík*
  - *reynist (að) vera rík*
  - *er álitin (að) vera rík*
  - *er sögð (að) vera rík*
  - *er talin (að) vera rík*
  - *hyggst (að) ver(ð)a rík*
- Skýrir samt ekki hnignun *að*-sambandanna



## Hvað gerðist?

- Nokkrar sagnir hætta að taka með sér *að*
  - á svipuðum tíma, um miðja 20. öld
  - þróunin svo svipuð að þarna eru sennilega tengsl
  - en þetta virðast samt vera ólíkar sagnir
- E.t.v. má þó líta á þær flestar sem lyftingarsagnir
  - \_\_\_ **reynist/sýnist/virðist að** [hann vera ríkur].
  - Hann<sub>i</sub> **reynist/sýnist/virðist að** [*t<sub>i</sub>* vera ríkur].
  - \_\_\_ **er álitinn/sagður/talinn að** [hann vera ríkur].
  - Hann<sub>i</sub> **er álitinn/sagður/talinn að** [*t<sub>i</sub>* vera ríkur].



# Skýring?

- Skýring á hnignun og hvarfi *að* liggur ekki fyrir
  - gæti andstaða gegn blönduðu setningagerðinni hafa haft áhrif?
- *Að* var aldrei einrátt
  - átti alltaf í samkeppni við setningagerð án *að*
- En hvers vegna varð það undir?
  - og hvers vegna hafa aðrar sagnir ekki misst *að*?
- Svorið bíður betri tíma . . .





Takk fyrir áheyrnina!

[eirikur@hi.is](mailto:eirikur@hi.is)